



4. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 9. nóvember 2021.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvarðsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Gunnar Skúli og Reynir Ingi Árnason (RIÁ)

Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK) framkvæmdastjóri

Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) íþróttafulltrúi

Dagskrá:

1. Íþróttamaður og -kona ársins

Vegna ástandsins verður skipulagt tvenns konar viðburðir. Stefnt verður á að halda hefðbundinn viðburð þann 30. desember ef sóttvarnarlög leyfa annars verður þetta haldið þann 31. desember með svipuðu sniði og í fyrra þar sem verðlaun verða keyrð út. Hanna Björk mun kalla eftir tilnefningum um miðjan nóvember.

2. Smitgát

Vangaveltur um framkvæmd á smitgát m.t.t. viðkvæmra hópa. Núverandi fyrirkomulag er á þá leið að iðkendur í smitgát mega mæta á æfingar en taka þarf tillit til viðkvæmra hópa sem lenda ítrekað í því að geta ekki mætt á æfingar sökum þess að iðkendur eru í smitgát. Ein tillagan er sú að krefjast þess að iðkendur í smitgát mæti ekki á æfingar fyrr en að henni lýkur.

3. Deildarfundir

Deildarfundir Aftureldingar eru fyrirhugaðir í nóvember og er breytt út af vananum þetta árið og deildum boðið valkvætt að funda með framkvæmdastjóra og aðalstjórn.

4. Samtal við Mosfellsbæ

Fulltrúar aðalstjórnar eru búin að funda með Mosfellsbæ vegna samstarfssamnings Aftureldingar og Mosfellsbæjar en hann rennur út um áramótin. Ráðgert er að funda aftur fyrir áramót.

Samráðsvettvangur:

Birna, Erla og Kristrún fóru á fund í Samráðsvettvangi Mosfellsbæjar þar sem kynnt voru drög að andyrisbyggingu. Aðalstjórn mun fara yfir drögin og taka saman athugasemdir varðandi bygginguna.



Fagverkssamningur: Fagverk styrkir mfl.kvk og kk með raunsarlegum hætti og gervisgrasvöllurinn kenndur við Fagverk. Nú er fyrirtækið að breyta um nafn um áramótin og vangaveltur hvort breyta eigi nafni vallarins í kjölfarið. Fyrirtækið mun heita Malbikstöðin og kom upp sú hugmynd að nafni Malbiksvöllurinn að Varmá.

5. Önnur mál

UMSK verður 100 ára á næsta ári og hefur UMSK óskað eftir að Afturelding haldi drulluhlaup næsta sumar. Frjálsíþróttadeild hefur fundað með UMSK og hlaupið komið í farveg.

Sveinn Þorgeirsson Borgarholtsskóli

Sveinn kom á fund með KK, HBH, EE og BKJ og langar til að stuðla að samstarfi Aftureldingar og Borgarholtsskóla. Sveinn fær að kynna skólann hjá Aftureldingu og við njótum góðs af því. Aðalstjórn samþykkir viljayfirlýsingu að vinna með Borgarholtsskóla.

Fundi slitlið kl.20:00

Krísturín Krístjánsdóttir ritaði fundargerð.